

Nd.

232. Nefndarálit

um frumvarp til yfirsetukvennalaga (þingskj. 78).

Eftir að vjer, sem háttv. n. d. kaus í nefnd til þess að athuga framan- greint frumvarp, höfum rætt það allrækilega á fundum vorum, kynt oss af máls- skjölunum meðferð þess í háttv. e. d. og yfirfarið hinar ítarlegu skýrslur, og álitsskjöl, sem landlæknir hefir látið því fylgja, og auk þess leitað munnlegrar umsagnar hans, þá leyfum vjer oss hjer með að láta uppi álit vort.

Vjer erum sammála háttv. e. d. um það, að umkvartanir þær, sem á seinni árum hafa borist til þingsins frá því nær öllum yfirsetukonum landsins yfir launa- kjörum þeim, sem þær nú eigi við að búa, eigi við allmikil rök að styðjast.

Teljum við þess vegna ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að lágmark þeirrar borgunar, sem yfirsetukonum er ætluð fyrir að taka á móti barni, sje hækkad eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, úr 3 kr. upp í 5 kr. og hins vegar, að föstu laununum verði eitthvað þokað upp frá því sem nú er, þótt í þeim sökum verði sjerstaklega allrar varúðar að gæta. -- Ber í þeim efnun einkum á það að líta, að eigi sje of þyngt sýslu- og bæjarsjóðum, sem vitanlega hafa í mörg horn að líta, en tekjur litlar sem engar aðrar en þær, sem eiga rót sína að rekja til hins afar óvinsæla, og í mörgum tilfellum mjög svo rangláta niðurjöfnunargjalds. Og það því fremur verður að teljast nauðsynlegt að viðhafa hjer alla varkárni sem umsagnar eða álita sýslunefndar og bæjarstjórna, sem eiga að sjá um greiðslu laun- anna, hefir ekki fyrirfram verið leitað um málið. Auk þess ber í þessu sam- bandi að líta á það, að þótt starf það, sem hjer um ræðir, sje bæði virðingar- vert og vandasamt, þá útheimtir undirbúningurinn undir það að jafnaði stuttan tíma og lítið sem ekkert fjárframlag af hálfu þeirra, sem það ætla að takast á hendur. En þetta hvorttveggja, tímalengdin og kostnaðurinn, sem útheimist til undirbúnings einhverju starfi, virðist oss sem hljóti að ráða miklu um, hver laun eru fyrir það ákveðin.

Það má nú að visu segja, að til þessa hvorstveggja, hins veika gjaldþols sýslusjóðanna og hins kostnaðarlitla undirbúnings, sem starfið að jafnaði út- heimtir, sje meir en nægilegt tillit tekið í frumvarpinu, að því er lágmark laun- anna snertir, þar sem það er ákveðið eins og áður að eins 60 kr. En þess er líka hins vegar að gæta, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir svo mikilli aukningu á hinum föstu launum í hinum fjölmennari umdæmum, að hækkunin yfirleitt, þrátt fyrir það þó lágmarkið sje ekki hærra, verður talsvert tilfinnanlegur útgjalda- auki fyrir sýslusjóðina, og launin í fjölmennari umdæmunum í litlu samræmi við tíma þann og tilkostnað, sem undirbúningurinn undir starfið hefir kostað.

Þessi mikli mismunur, sem kemur þannig fram í frumvarpinu á launum yfirsetukvennanna innbyrðis, virðist oss að þurfi einhverrar lagfæringar við. Því þótt vjer viljum ekki setja oss algjört upp á móti þeirri stefnu, sem kemur fram í frumvarpinu, að taka tillit til fólksfjöldans í umdæmunum og miða föstu laun- in að einhverju leyti við hann, þá þykir oss þó ekki rjett að láta hækkun þeirra ná að eins til þeirra yfirsetukvenna, er hafa svo og svo margt fólk í umdæmum sínum, en sinna eigi að neinu kröfum hinna. Því það, að gera svo mikinn mun yfirsetukvenna, eins og frumvarpið ætlast til, að föst laun hinna hæstlaunuðu verði meiri en 8 sinnum hærri en hinna lægst launuðu, er óeðlilegt, ekki að eins með tilliti til þess að sömu þekkingarinnar er af þeim, því nær öllum, krafist, og

allar jafnt staðbundnar, heldur líka vegna þess, að það stríðir á móti þeirri stefnu, sem ráðandi er í öðrum efnunum, að láta hin föstu laun starfsmanna innan sömu stjettar vera sem jöfnust, auk þess sem aukatekjurnar hljóta að vera að sjálfsgöðu þeim mun drýgri sem fólksfjöldinn er meiri.

Þykir oss því sönnu nær, að lágmark launanna sje hækkað frá því sem nú er, úr 60 kr. upp í 70 kr., og að eins 5 kr. hækkun komi til við hverja 5 tugi sem eru yfir 300 manns, í stað 10 kr. hækkunar við hverja 5 tugi, sem eru yfir 200, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mundi slík ákvörðun, að vorri ætlun, ekki að eins verða vinsælli en ákvæði frumvarpsins hjá gjaldendunum, þar sem hún lækkaði útgjöld sýslu- og bæjarsjóðanna í þessum efnunum úr 19960 kr. niður í 17305 kr., heldur einnig hjá sjálfum yfirsetukonunum, og útiloka frekar en ella öfund og óánægju á meðal þeirra innbyrðis. Hins vegar sýnist oss rjett, að hver sýslunefnd eða bæjarstjórn hafi nokkurn veginn óbundnar hendur að hækka laun yfirsetukvenna, þegar ástæður þykja til, annaðhvort sjerstakir örðugleikar á að fá yfirsetukonu í umdæmi eða verðleikar eða aðrar kringumstæður mæla með því.

Jafnframt þessum aðal-breytingum, sem vjer viljum gera láta á frumvarpinu, leggjum vjer það til, að árslauin sjeu miðuð við fardagaár, og annarsstaðar en í kaupstöðum, greidd eins og verið hefir að eins einu sinni á ári, á manntalsþingum. Má hið fyrnefnda teljast sjálfsgagt, af því að flutningur yfirsetukvenna úr einni sveit í aðra er eins og flestra annara, bundinn við vortímamann en ekki áramót. Og hvað hið síðara atriðið snerfir, þá virðist það tilgangslítið að skifta í tvent ekki stærri upphæð en hjer um ræðir, og miklu brotaminnna fyrir oddvita sýslunefndanna að afhenda upphæðina í einu lagi á manntalsþingum í hreppunum gegn einni kvittun, en greiða hana í tvennu lagi gegn tveimur kvittunum á öðrum tímum ársins.

BREYTINGARTILLÖGUR

þær, sem vjer þannig, samkvæmt framansögðu, leggjum til, að gerðar sjeu á frumvarpinu, er þessar:

1. Við 4. gr. Aftan við 1. málsg. bætist: er miðist við fardagaárið.
2. Við 4. gr. Fyrir: »fyrir hvert missiri — árslok« komi: einu sinni á ári, á manntalsþingum.
3. Við 4. gr. Fyrir: »200« komi alstaðar: 300.
Fyrir: »60 kr.« (á tveim stöðum) komi: 70 kr.
Fyrir: »10 kr.« komi: 5 kr.
4. Við 4. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Laun yfirsetukvenna mega sýslunefndir og bæjarstjórnir hækka, ef sjerstakar ástæður þykja til.
5. Við 10. gr. Fyrir: 1. janúar 1913« komi: í fardögum 1913.

Alþingi, 12. ágúst 1912.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari og flamsögumaður.

Halldór Steinsson.

Jón Jónsson.

Ólafur Briem,
(með fyrirvara).